

DV

Sviðsljós

# Hjördís á hljómplötu

Kristján Einarsson, DV, Selfossi:

Í hljóðupptökuverinu í Glóru er um þessar mundir verið að leggja síðustu hönd á gerð hljómplötu með söngkonunni Hjördísi Geirsdóttur.

Hjördís, sem um árabíl hefur sungið á öllum helstu skemmtistöðum höfuðborgarinnar, er ættuð úr Flóanum og söng hér á árum áður með mörgum helstu „grúppum“ héðan að austan. Er hún enn að, nú með hljómsveit Jóns Sigurðssonar í Ártúni í Reykjavík.

Með söng sínum gegnum árin hefur Hjördís glatt margt söngelskt fólk og finnst áreiðanlega mörgum kærkomlið að fá söng hennar gefinn út á hljómplötu.

Á nýju plötunni verða 12 lög, öll ný nema tvö, Manstu vinur og Ma-

ma sem var fyrsta lagið sem hún söng opinberlega, þá 15 ára gömul.

Ólafur Þórarinnsson (Labbi), eigandi hljóðversins í Glóru, útsetur og tekur löginn upp en Skífan gefur plötuna út. Áætlað er að útgáfudagur verði um miðjan nóvember nk.

Engir aukvísar aðstoða Hjördísi á plötunni hennar því auk austanmannanna Gunnars Jónssonar og Vignis Stefánssonar úr hljómsveitinni Karma leggja Mezzoforte strákarnir henni lið, þeir Friðrik Karlsson, Jóhann Ásmundsson og Eyþór Gunnarsson. Ýmsir aðrir ónefndir koma einnig við sögu.

Það verður án efa gaman að heyra hvernig útkoman verður þegar svona úrvalslíð leiðir saman krafta sína.



Hjördís Geirsdóttir og félagar við upptöku á hljómplötunni.

DV-mynd Kristján

## Ólyginn sagði...



### Sondra Locke

heitt leikkona sem nýlega gekkst undir skurðaðgerð vegna krabbameins í brjósti. Hún hefur nú jafnað sig að mestu og kom fram opinberlega í Hollywood og sagði þá við blaðamenn að hún teldi stress líklegustu ástæðuna fyrir því að hún veiktist af krabba. Hún sleit nýlega ástarsambandi við leikarann, borgastjórann og harðjaxlinn Clint Eastwood. Sá skilnaður olli henni miklu álagi sem hún taldi líklegustu orsök veikindanna.



### Ivana Trump

hefur mikið verið í fjölmiðlum vestanhafs vegna skilnaðar síns við fjármagnströllið Donald Trump. Ivana, sem er tékknesk að uppruna og var skíðakona á heimsmælikvarða á sínum yngri árum, situr nú á friðarstóli í sínum hluta af veldi Trumps og hyggur á frekari frama. Frúin segist ætla að skrifa nokkrar metsölubækur um lífið og listina að græða peninga. Hún er að vísu ekki byrjuð enn en segist fullviss um að útgefendur sláist um afurðirnar þegar þar að kemur.



### Kirstie Alley

og eiginmaður hennar óttast að þau geti ekki eignast börn. Kirstie, sem leikur eitt aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum um Staupastein, missti nýlega föstur sem hún var langt gengin með. Hún og Parker Stevenson maki hennar höfðu þróað lengi að eignast afkvæmi og var Kirstie búin að kaupa barnaföt fyrir 20 þúsund dollara þegar ógæfan reið yfir. Orðrómur gengur um að hún hyggist hætta í sjónvarpsþáttunum og einbeita sér að því að verða barnshafandi.



Þrjú músikantar taka púlsinn. F.v. Ólafur Stephensen, Vernharður Linnét og Ólafur Þórðarson.


DV-myndir RaSi

## Tónlistarbar opnaður

Púlsinn, sérstakur tónlistarbar, var opnaður með stæl og sveiflu fyrir helgina. Búlla þessi er til húsa í höfuðstöðvum samtaka tónlistarmanna á Vitastíg 3.

Eins og gefur að skilja verður líf-

andi tónlist í hávegum höfð og fengu þeir sem viðstaddir voru opnunina forsmekkin af því sem koma skal. Þar dunaði djass og blús svo Vitastígurinn skalf enda á milli.



Guðmundur Ingólfsson pianisti, Karl Sighvatsson organisti, ásamt ungum syni sínum, Egill Ólafsson söngvari og Helgi Steingrímsson gítaristi.

## Vildi færa Diónu klukku

Aðdáandi Diónu prinsessu komst óséður framhjá öryggisvörðum við bústað prinsessunnar í London og var næstum kominn inn í húsið þegar hann festist í rósarunnum og var handsamaður.

Aðdáandinn æsti heitir Ali Kashabi og er íranskur kaupþjálmaður, búsettur í Kaliforníu. Hann hugðist færa átrúnaðargoði sínu silfurslegna klukku að verðmæti 180 þúsunda íslenskra króna að gjöf. Hann var fundinn sekur um brot á friðhelgi og dæmdur til þess að vera til friðs í eitt ár.


Við réttarhöldin kom fram að Kashabi hafði verið handtekinn fyrir utan hús prinsessunnar einum sólarhring áður og var þá all-drúkkinn. Hann viðurkenndi að hafa gegnum tíðina skrifað Diónu fjölda bréfa frá henni hefði ekki svarað. Í bréfunum lýsti hann aðdáun sinni á prinsessunni og löngun til þess að hitta hana.

„Þar sem ekkert svar barst ákvað ég að fara sjálfur á fund hennar og færa henni klukkuna í eigin perónu,“ sagði Kashabi.

## Díana tekin fyrir of hraðan akstur

Díana prinsessa, eiginkona Karls Bretaprins hefur gaman af því að aka hratt. Lögreglumaður stöðvaði hennar hátign á dögnum nærri Kensington eftir að hafa fylgt henni eftir um stund á tæplega 90 kílómetra hraða á svæði þar sem hámarks hraðinn er 50. Prinsessan ekur á Jaguar XJS og á slíkri þrumukerru er auðvelt að gleyma sér.

Lögregluþjónninn gaf ekki út sektarmiða á bifreið Diónu en veitti henni munnlega áminningu um að virða lög og reglur og lét þar við sitja. Þetta er í annað skipti á stuttum tíma sem meðlimur bresku konungsfjölskyldunnar lendir í slíku en Anna prinsessa var tekin fyrir of hraðan akstur tvisvar í sömu vikunni fyrir skömmu.



Gunnar Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, ásamt Charles E. Cobb sendiherra og konu hans, Sue M. Cobb.

DV-myndir BG

## Ljósmyndir eftir Cunningham

Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum ljósmyndasýning á verkum bandaríska ljósmyndarans Imogen Cunningham sem lést 1976 93 ára að aldri. Hún myndaði mikið leikara og frægt

fólk en tók einnig fjölda ferðamynda í Skandinavíu sem þykja mikil listaverk. Bandaríski sendiherrann á Íslandi, Charles E. Cobb jr., opnaði sýninguna.



Sá stutti hafði meiri áhuga á ljósmyndaranum en ljósmyndunum.

DV-mynd BG